

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

Helgadalsvegur 60.

Nýtt deiliskipulag fyrir landbúnaðarland að Helgadalsvegi 60 gefur uppbyggingarheimild íbúðarhúss á landinu ásamt gróðurhúsi og áhaldageymslu. Skipulagið sýnir tvo byggingarreiti sem hýsa mega saman 1.100 fermetra. Landið er 4,9 ha. Aðkoma um Helgadalsveg 4345.

Skarhólabraut 3.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lagfæra misræmi á uppdrætti og greinargerð eldra skipulags. Aðkomum fækkað í eina. Byggja má 1.990,6 fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði að hluta til á tveimur hæðum. Annað í skipulagi er óbreytt.

Brattahlíð 16-30.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu lóðamarka milli Bröttuhlíðar 16-22 og 24-30. Raðhús að Bröttuhlíð 24-30 færir sunnar innan lóðarinnar. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreind atriði hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 9. apríl 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2021